

# Styrktarsjóður SSF

## Umsókn um sjúkradagpeninga



SAMTÖK  
STARFSMANNA  
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Sími: 540-6100  
ssf@ssf.is

### Fylla verður í alla reiti:

Nafn umsækjanda: \_\_\_\_\_

Kennitala: \_\_\_\_\_ Banki: \_\_\_\_\_ Hb: \_\_\_\_\_ Reikningur: \_\_\_\_\_

Netfang: \_\_\_\_\_

Heimilisfang: \_\_\_\_\_ Pnr. \_\_\_\_\_

Vinnustaður: \_\_\_\_\_

Vinnusími: \_\_\_\_\_ Heimasími/GSM: \_\_\_\_\_

Hvenær varð umsækjandi óvinnufær? \_\_\_\_\_

Hvenær varð/verður umsækjandi vinnufær á ný? \_\_\_\_\_

Hvenær var síðasta launagreiðsla frá banka? \_\_\_\_\_

Aðrar greiðslur s.s. frá lífeyrissjóði, Tryggingastofnun, váttryggingafélagi eða starfsmannafélagi? \_\_\_\_\_

Með undirritun minni staðfesti ég að upplýsingar séu gefnar eftir bestu vitund. Mér er jafnframt ljóst að gefi ég vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar þá ber mér skilyrðislaust að endurgreiða fenginn styrk.

\_\_\_\_\_   
Dagsetning

\_\_\_\_\_   
Undirskrift umsækjanda

### Til að hægt sé að afgreiða umsókn þurfa eftirfarandi gögn að berast sjóðnum:

- Útfyllt umsókn
- Læknisvottorð
- Launaseðill

Umsókn ásamt fylgigögnum sendist með pósti og merkist:  
Styrktarsjóður SSF, Nethyl 2E, 110 Reykjavík



SAMTÖK  
STARFSMANNA  
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

## STARFSVOTTORÐ

Það staðfestist hér með að \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

starfaði hjá \_\_\_\_\_ frá \_\_\_\_\_ í \_\_\_\_\_ starfi  
*Nafn fyrirtækis* *starfshlutfall*

\_\_\_\_\_ varð launalaus frá og með \_\_\_\_\_  
*Nafn starfsmanns* *dags.*

Fjöldi tekinna veikindadaga hjá launagreiðanda s.l. 12 mánuði: \_\_\_\_\_

Kom/kemur aftur til starfa eftir veikindi/slys: \_\_\_\_\_  
*dags.*

Staðfesti hér með að viðkomandi greiðir félagsgjöld til SSF.

Dags. \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
Undirskrift starfsmannahalds / yfirmanns og stimpill fyrirtækis

**Útreikningur sjúkradagpeninga m.v. starfshlutfall sl. 12 mánuði.**

# Upplýsingablað

## Fyrir þá félagsmenn sem sækja um sjúkradagpeninga

### Reglur um sjúkradagpeninga frá SSF

Reglur um sjúkradagpeninga frá Styrktarsjóði SSF, sjá úthlutunarreglur Styrktarsjóðs á heimasíðu SSF [www.ssf.is](http://www.ssf.is).

Sjúkradagpeningar eru skattskyldir og er staðgreiðsla því dregin frá greiðslum, jafnframt er skattkort nýtt.

Sjúkradagpeningar eru greiddir 1. virka dag mánaðar.

Sjúkradagpeningar eru ekki skilgreindir sem hefðbundnar launagreiðslur og óheimilt að draga frá þeim greiðslum annað en staðgreiðslu, því er ekki greitt í lífeyrissjóði eða félagsgjald til SSF. Þó ekki sé greitt félagsgjald til SSF halda félagsmenn fullum réttindum hjá félaginu.

### Hvað tekur við þegar félagsmaður er enn óvinnufær vegna veikinda þegar réttur til sjúkradagpeninga frá SSF er fullnýttur?

Við þessar aðstæður er hægt að sækja um endurhæfingarlífeyri hjá Tryggingastofnun [www.tr.is](http://www.tr.is) og samhliða greiðslu örorkulífeyris frá lífeyrissjóði. Læknir viðkomandi aðstoðar við þessa umsókn.

### Aðrar dagpeningagreiðslur samhliða sjúkradagpeningagreiðslum frá SSF

#### *Sjúkratryggingar*

Hægt er að sækja um sjúkradagpeningagreiðslur frá Sjúkratryggingum samhliða greiðslum á sjúkradagpeningum frá SSF. Félagsmaður þarf sjálfur að hafa samband við Sjúkratryggingar, nalgast má nánari upplýsingar um sjúkradagpeningagreiðslur Sjúkratrygginga á [www.sjukra.is](http://www.sjukra.is). Þessar greiðslur hafa ekki áhrif á greiðslur frá Styrktarsjóði SSF.

#### *Tryggingafélag*

Félagsmenn geta átt rétt á dagpeningagreiðslum vegna veikinda eða slysa í gegnum heimilstryggingu hjá sínu tryggingafélagi. Félagsmenn eru hvattir til að hafa samband við þjónustufulltrúa hjá sínu tryggingafélagi og athuga hvort þessi réttur er til staðar. Þessar greiðslur hafa ekki áhrif á greiðslur frá Styrktarsjóði SSF. Athugið einnig að þeir félagsmenn sem lenda í veikindum sem falla undir sjúkdómatryggingu viðkomandi (ef slík trygging er til staðar) þurfa að tilkynna þau veikindi til tryggingafélags innan 12 mánaða frá því veikindi voru fyrst greind.

### VIRK endurhæfingarsjóður

Allir félagsmenn SSF eiga rétt á þjónustu VIRK endurhæfingarsjóðs. VIRK hefur það hlutverk að aðstoða þá sem lenda í langtíma veikindum við að komast aftur til vinnu. Nalgast má upplýsingar um fulltrúa SSF hjá VIRK á heimasíðu SSF undir Styrktarsjóður. Upplýsingar um þjónustu VIRK má nalgast á [www.virk.is](http://www.virk.is).